



Ráðhús Reykjavíkur

Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um viðmið um hvernig færa á námsmat yfir í bókstafakerfið

Á fundi borgarráðs sem haldinn var 17. nóv. 2016 lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Kennarar hafa bent á að ekki liggi fyrir viðmið um hvernig færa á námsmat yfir í bókstafakerfið sem gert er ráð fyrir að verði notað í vor í ljósi þess að ekki liggi fyrir viðmið frá Menntamálastofnun. Spurt er hvort þetta sé rétt og hvernig borgaryfirvöld hyggjast bregðast við því, þá er spurt hvort sú þróun eða vinna sem þarf til að útbúa, samræma og innleiða slíka matskvarða sé fyllilega fjármögnuð hjá Reykjavíkurborg.

Svar:

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla frá 2011/2013 er megintilgangur námsmats „að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess (bls.54)“. Námsmati er einnig ætlað að veita nemendum, foreldrum, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um gengi nemenda í námi; hæfni, vinnubrögð og framfarir sem hægt er að hafa til hliðsjónar við frekari skipulagningu námsins. Aðalnámskráin frá 2011/2013 leggur áherslu á að í námsmati í grunnskóla skuli leggja mat á hæfni nemenda í öllu námi og sett fram hæfniviðmið um stöðu nemenda á hverju námssviði eða námsgrein. Einnig er í hverri námsgrein skilgreindur sérstakur matskvarði í fjórum flokkum, A–D, þar sem A merkir framúrskarandi hæfni og frammistöðu í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs, en D merkir að hæfni og frammistöðu í námi sé ábótavant með hliðsjón af ofangreindum viðmiðum. Matskvarðinn er síðan skilgreindur sem sex einkunnir: A, B+, B, C+, C og D. Ekki er því um það að ræða að matskvarðar í tölustöfum eða prósentum séu færðir yfir í bókstafi.

Í aðalnámskrá grunnskóla frá 2013 eru sett fram hæfniviðmið í hverri námsgrein fyrir þá hæfni sem hver nemandi á að búa yfir við lok 4., 7. og 10. bekkjar en einnig eru sett fram matsviðmið við lok 10. bekkjar en þau eiga að lýsa hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni á valdi sínu og þannig styðja við námsmat við lok grunnskóla. Gert er ráð fyrir að einstaka skólar setji sér matsviðmið fyrir aðra árganga og geri grein fyrir þeim í sinni skólanámskrá.

Í Reykjavík hefur verið unnið að því að innleiða aðalnámskrá grunnskóla frá því að hún kom út. Meðal annars hefur verið boðið upp á námskeið fyrir skólastjórnendur um innleiðingu aðalnámskrár, endurskoðun skólanámskráa, þ.m.t. námsmat, og reglulega verið boðið upp á námskeið fyrir grunnskólakennara um námsmat í anda nýrrar aðalnámskrár. Síðastliðinn vetur var fjallað um námsmat á sérstökum fundi með skólastjórum grunnskólanna og boðið upp á vinnustofur og umræðufundi um námsmat með kennurum í 10. bekk. Í haust hefur m.a. verið boðið upp á námskeið um leiðsagnarmat, bæði fyrir skólastjórnendur og kennara í einstökum skólum, en leiðsagnarmat er áhersluþáttur í námsmati skv. núgildandi aðalnámskrá. Þessi námskeið hafa aðallega verið fjármögnuð með framlögum úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla en kennarar eða skólar greitt þátttökugjöld til að mæta umframkostnaði. Starfsmenn á skrifstofu SFS hafa skipulagt námskeiðin, haldið utan um skráningu, innheimtu þátttökugjalda og annað til að halda kostnaði við námskeiðin í lágmarki.

Grunnskólar í borginni hafa unnið að því að móta hæfniviðmið og matsviðmið í samræmi við aðalnámskrána, sumir hverjir í sínu lagi en aðrir í samstarfi við aðra skóla. Grunnskólar í Grafarvogi hafa t.d. unnið sameiginlega að framsetningu hæfniviðmiða og matsviðmiða og hafa þannig verið öðrum skólum góð fyrirmynd. Hafa þeir bæði fengið styrk frá skóla- og frístundaráði og úr Sprotasjóði vegna þessa. Þessi vinna hefur verið kynnt fyrir skólastjórum í öðrum skólum og þeim veittur aðgangur að öllum gögnum skólanna í Grafarvogi þeim að kostnaðarlausu.

Innleiðing nýrrar aðalnámskrár er gríðarlega viðfangsmikið verkefni. Mikilvægt er að ríkisvaldið tryggi skólum og sveitarfélögum skýr viðmið, nægjanlega leiðsögn og ráðgjöf þannig að áherslur námskrár nái til allra nemenda. Verulegur misbrestur var á þessu við innleiðingu núgildandi námskrár og því var hér um algjörlega vanfjármagnað verkefni af hálfu menntamálaráðuneytis að ræða.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs